

Sp.

29. Tillaga til þingsályktunar

[25. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gyłfi P. Gíslason, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að halda áfram að greiða til bráðabirgða sömu uppbót á mánaðarlaun starfsmanna ríkisins og greidd hefur verið frá 1. júlí s. l. á grundvelli ályktunar Alþingis frá 18. maí s. l., þar til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950 er lokið.

Greinargerð.

Með ályktun frá síðasta Alþingi var ríkisstjórninni heimilað að verja allt að 4 milljónum króna úr ríkissjóði til greiðslu uppbóta á laun starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári.

Þessi launauppbót hefur verið þannig framkvæmd, að frá 1. júlí hefur mánaðarlega verið greidd uppbót, sem svarar 20% hækkun á grunnlaunin. Hefur látið nærri, að með þessu móti hafi mánaðarlega verið greidd 1 milljón króna í uppbætur, og er því nú þegar búið að greiða um einni milljón meira en þingsályktunin frá 18. maí heimilaði. Miðað við allt árið svarar sú launauppbót, sem greidd hefur verið, til 8,33% kauphækkunar.

Þann 9. júní s. l. skipaði fjármálaráðuneytið 5 manna nefnd til þess að rannsaka kaup og kjör starfsmanna ríkisins með hliðsjón af þingsályktuninni frá 18. maí. Í nefndina voru skipaðir Magnús Jónsson lögfræðingur, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Þorsteinsson hrl., Skúli Guðmundsson alþm., Kristinn Gunnarsson hagfræðingur og Ólafur Björnsson prófessor.

Útreikningar nefndarinnar bera með sér, að grunnkaup stéttarféлага með frjáls-um samningsrétti hefur hækkað að meðaltali um 22,58% frá febrúar 1945 og til júní-mánaðar 1949, en nefndin lagði til grundvallar útreikningum sínum að fá úr því skorið, hversu mikið kaup annarra starfsstétta hefði hækkað samanborið við kaup starfsmanna ríkisins, eftir að launalögin voru sett, 12. marz 1945. Miðað við kauphækkunar, sem orðið hafa síðan nefndin lauk störfum í sumar, lætur nærri, að grunnkaupshækkunar stéttarfélaganna nemi 24,2% frá þeim tíma, sem launalögin voru sett. Útreikningar nefndarinnar sýna einnig, að kaup það, er bændum er reiknað við ákvörðun verðs á landbúnaðarvörum, hafði hækkað um 43% frá setningu launalaganna, en sé nú miðað við verðhækkunar landbúnaðarvöru á þessu hausti, verður hækkanin nálægt 50%. Kauptryggingar hlutasjómannna hafa hækkað um 50—60%.

Eftir útreikningum stjórnar B. S. R. B. hefur grunnkaup stéttarféлага þeirra, er einkum var höfð hliðsjón af við endurskoðun launalaganna, hækkað að meðaltali um ca. 45%, frá því undirbúningi undir launalögin, sem nú eru í gildi, var lokið um áramótin 1943—44.

Er nú svo komið, að árslaun faglærðra manna í þjónustu ríkisins, svo sem símrítara, símvirkja og 1. flokks iðnaðarmanna hjá Landssímanum, eru lægri í hæsta aldursflokki þessara starfsmanna en árslaun óbreyttra verkamanna á meðaltaxta, þótt ekki sé gert ráð fyrir því, að hinir síðarnefndu njóti neinnar eftirvinnu. Virðist af þessu auðsætt, að ósamræmi sé nú orðið svo mikið milli launakjara starfsmanna ríkisins annars vegar og annarra stétta þjóðfélagsins hins vegar, að ekki verði komizt hjá því að greiða uppbætur þær, sem þessi þingsályktunartillaga fer fram á til bráðabirgða, unz ákvörðun er tekin um þessa launauppbót í fjárlögum næsta árs, eða önnur skipan þessara mála er fengin með endurskoðun og samþykkt nýrra launalaga. Að tilhlutun ríkisstjórnarinnar vinnur nú sérstök nefnd að endurskoðun laganna, og má því ætla, að tillögur hér að lútandi komi síðar til kasta Alþingis, er nú situr.